

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 17. október 2008

Gjaldeyrismál

Temprun gjaldeyrisútlæðis Seðlabankans er enn við lýði. Bankarnir þrír, Glitnir, Landsbanki og Kaupþing, geta enn ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í sérstökum tilfellum skv. reglum Seðlabankans.

Sparisjóðabanki Íslands (áður Icebank) hefur aftur á móti getað afgreitt erlendar greiðslur í dag í öllum myntum. Þó eru einhverjir hnökrar gagnvart Bretlandi.

Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á skjal sem aðildarfélög geta notfært sér við að útskýra stöðu mála á gjaldeyrismarkaði gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Skjalið má nálgast [hér](#).

Greinargerð frá fjármálaráðuneyti Bretlands

Viðskiptaráði hefur borist greinargerð frá fjármálaráðuneyti Bretlands. Í greinargerðinni er fjallað um tilmæli um kyrrsetningu eigna Landsbankans. Er þar að finna skilgreiningu og ítarlega lýsingu á umfangi og afleiðingum þessarar aðgerðar. Markmiðið er að liðka fyrir eðlilegu fjárstreymi milli Íslands og Bretlands. Greinargerðina má nálgast [hér](#).